



## Fréttatilkynning vegna málskots til dómstóla vegna vatnsréttinda Kárahnjúkavirkjunar.

Í dag 3. október rann út frestur sá sem Landsvirkjun og eigendur vatnsréttinda sömdu um að aðilar hefðu til þess að ákveða hvort úrskurði matsnefndar um vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar frá 22. ágúst sl. yrði skotið til dómstóla.

Nú liggur fyrir að meginþorri eigenda vatnsréttinda við Jökulsá á Dal, eða 61 aðili, hefur ákveðið að una ekki úrskurði matsnefndarinnar og skjóta ágreiningi um verðmæti vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar til úrlausnar dómstóla. Regula lögmansstofa ehf. hefur verið falið að vinna að málinu fyrir vatnsréttarhafana.

Með bréfi Landsvirkjunar dags. 24. september sl. tilkynnti Landsvirkjun vatnsréttarhöfum að fyrirtækið byði þeim vatnsréttarhöfum sem það kysu að fá greiðslu fyrir vatnsréttindi í samræmi við niðurstöðu matsnefndar. Fyrirtækið hefur því verið tilbúið að una niðurstöðu nefndarinnar um verðmæti vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar, sem metin voru í heild á um 1,6 milljarð.

Málskot eigenda vatnsréttarhafa við Jökulsá á Dal til dómstóla mun miða að því að fá eignarnámsbætur vegna vatnsréttinda einstakra jarða hækkaðar, þannig að tryggt sé að einstakir vatnsréttarhafar fái fullar bætur fyrir vatnsréttindi í þeirra eigu í samræmi við áskilnað 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Það er álit undirritaðra að niðurstaða matsnefndar um fjárhæð eignarnámsbóta vegna vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar hafi ekki byggt á viðurkenndum lagareglum um fjárhæð eignarnámsbóta. Þannig hafi niðurstaða matsnefndarinnar hvorki byggt á sjónarmiðum um markaðsverð vatnsréttinda né notagildi umræddra vatnsréttinda. Jafnframt séu aðrir annmarkar á úrskurði matsnefndar, s.s. sá að matsnefnd hafi að óverulegu leyti lagt sjálfstætt mat á verðmæti þeirra vatnsréttinda sem deilt var um í málinu. Er þannig vísað til þess að matsnefnd leggur til grundvallar að verðmæti vatnsréttinda sé hlutfall af stofnkostnaði virkjunar, með vísan til athugasemdar í úrskurði sérstakrar matsnefndar frá 1992 sem fjallaði um vatnsréttindi vegna Blönduvirkjunar. Hlutfallið þar var 0,7% af byggingarkostnaði og er það notað sem undirstaða matsins nú. Matsnefndin hækkaði hlutfallið í um 1,4% á þeim grunni að miðað við sama byggingarkostnað á orkueiningu og var við Blönduvirkjun, hefði stofnkostnaður Kárahnjúkavirkjunar verið 54 milljörðum hærri. Það réttlæti 700 milljóna hækkun verðmats vatnsréttindanna! Þá virðist matsnefndin leggja til grundvallar aðstæður Landsvirkjunar frá 1997 í mati sínu og byggja á því að ákvarðanir Landsvirkjunar um nýtingu vatnsréttindanna séu sjálfgefnar og óvæfengjanlegar forsendur verðmats þeirra. Slík sjónarmið eru í ósamræmi við viðurkennd lagasjónarmið eignarnámsréttar.

Verðmæti orkuauðlinda er umdeilt, þótt flestir virðast sammála um mikilvægi þeirra og mikið verðmæti í ljósi stöðu orkumála á sl. misserum. Í þeim tilvikum þar sem aðilar hafa notið þeirra mannréttinda að koma orkunýtingarréttindum sínum í verð með frjálsum samningum, hefur verðmyndun verið seljendum hagfelld. Niðurstaða meirihluta matsnefndar vegna Kárahnjúkavirkjunar jafngildir því, að orkunýtingarréttur allra virkjanlegra vatnsfalla, virkjaðra sem óvirkjaðra, sé um 11 milljarðar. Að mati vatnsréttarhafa við Jökulsá á Dal fellst í því verulegt



vanmat á réttindunum, sérstaklega með tilliti til þess að Kárahnjúkavirkjun hefur verið talinn einn hagkvæmasti virkjunarkostur á Íslandi, sem er umhverfislega tækur.

Með vísan til þeirra annmarka sem eru á úrskurði matsnefndar er sýnt að niðurstaðan felur ekki í sér fullar bætur skv. stjórnarskrá. Að mati undirritaðra er sératkvæði eins nefndarmanna í matsnefndinni, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að verðmæti vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar geti numið 10,5-65,5 milljörðum, mun nær lagi um ákvörðun fullra bóta. Sératkvæðið byggir á ítarlegu sjálfstæðu mati á notagildi réttindanna, þar sem sjónarmið Landsvirkjunar og vatnsréttarhafa eru skoðuð á gagnrýninn hátt og án þess að vatnsréttarhafar séu látnir sæta takmörkunum vegna þess hvernig réttindin eru nýtt, óháð vilja þeirra.

Þá er ljóst að frá gildistöku raforkulaga hefur orðið skýr verðmyndun á frjálsum markaði um greiðslur orkufyrirtækja fyrir nýtingu vatnsréttinda, enda hefur skapast samkeppni milli orkufyrirtækja. Sú samkeppni snýr að verulegu leyti að sölu til stóriðju og hefur knúið áfram uppbyggingu virkjana af öllum stærðum til að þjóna þeim markaði og til staðgengdar rafmagnssölu til almennings. Þannig liggja t.d. fyrir samningar um greiðslur fyrir vatnsréttindi vegna um 10 MW virkjana sem má meta til mörg hundruð milljóna að núvirði

Eignarréttur nýtur ríkrar verndar skv. íslenskri stjórnskipan. Því eru til skýrar lagareglur um það hvernig fullar bætur við eignarnám skuli ákvarðaðar. Á grundvelli þeirra verður það lagt fyrir dómstóla að ákveða fullar bætur fyrir einstaka eigendur vatnsréttinda, sem látin hafa verið af hendi til Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Regula lögmannsstofa ehf.

Nánari upplýsingar veitir Jón Jónsson hdl. S: 580-7900, [jon@regula.is](mailto:jon@regula.is)